



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhjúpun minnismerkis
um sjómenn sem fórust á Norðurslóðum
með skipalestum í síðari heimsstyrjöldinni
Fossvogskirkjugarði
9. maí 2005**

Virðulegu sendiherrar
Sjómenn og fjölskyldur þeirra
sem sigldu í skipalestum
Góðir hátíðargestir

Hildarleikur á hafi, kuldi, ofsaveður, óvinur í undirdjúpum, lífshætta á hverri stundu. Samt var siglt enda mikið í húfi.

Skipin voru hvert af öðru skotin í kaf. Áhafnirnar horfðu fullar örvæntingar á vini og félagamönnum hverfa í hafið. Hver yrði næstur? Ekkert svar, en kjarkurinn var samt áfram óbifandi.

Við getum vart gert okkur í hugarlund hetjudáðir sem drýgðar voru á hverjum degi, æðruleysið, einbeitinguna, viljann til að komast áfram, færa til hafnar varninginn sem skipt gat sköpum fyrir framgang stríðsins.

Hetjur hafsins, sjómennirnir sem sigldu á Norðurslóðum, voru burðarás í sigrinum sem vannst að lokum. Samt hefur mikið á það skort að við heiðrum minningu þeirra, þökkum fórnfýsina og metum að verðleikum þeirra framlag. Margir, þúsundir, lögðu líf sitt á vogarskálar og glötuðu því, hurfu í hafið, frusu í hel, létust í orrahríð átakanna, brunnu til bana þegar skipin loguðu stafna á milli.

Þeir sem komust heilir í höfn voru margir ekki samir í sálu sinni, sorgin var nístandi, söknuðurinn, minningarnar um félagana sem fórust. Þótt gengið væri til daglegra verka að loknu stríði var hugurinn ávallt norður í höfum, hjá þúsundunum sem ekki náðu heim.

Á sextíu ára afmæli sigurs í Föðurlandsstríðinu mikla eins og Rússar nefna hildarleikinn komum við saman á helgum reit okkar Íslendinga,

garðinum þar sem fjölskyldur vitja látinna ættingja og vina, lútum höfði með þökk í huga, afhjúpum minnisvarðann sem hér hefur verið reistur.

I should like to thank the Russian ambassador, Mr Alexander Rannikh, for his initiative, the artists Aleksey Begunov and Vladimir Surovtsev, from St Petersburg and Moscow, for their artistic contribution, and Mr Björgólfur Guðmundsson for his generous financial support.

All of them took part in the project in a spirit of goodwill and humility, with respect for those whose sacrifice we are commemorating; the thirty thousand Soviet citizens, seamen and airmen, who died in the North Atlantic region, in addition to many others from other countries.

Iceland appreciates deeply the friendship that the Russian authorities showed us in the moves that led up to this moment. We were deeply moved recently when Ambassador Rannikh presented elderly Icelandic seamen with Russian medals as a token of gratitude, and the relatives of Icelanders who lost their lives will shortly be receiving a similar expression of respect.

This ceremony here today is both an act of commemoration and a testimony to the sincere bonds of friendship that exist between Russia and Iceland.

At the same time as I thank the Russian ambassador, Mr Alexander Rannikh, once again for his understanding of the importance of keeping the memory of these heroic deeds alive, I wish to ask him to convey to President Putin and the Russian people our greetings and thanks for being able to commemorate this remarkable chapter in history, and also to honour the memory of the millions, the tens of millions, of Russians who lost their lives in the war.

Two years ago we met here in this cemetery to unveil a memorial to the American servicemen who lost their lives around Iceland; in just a moment we will see the Russian memorial.

It is an impressive testimony to the new age and to the peace which we hope will mark this century, that the two great powers that used to stand armed against each other are now brought together in this way in the beautiful setting of the Fossvogur Cemetery.

We share with the international community the hope of a new future, in which we will never again see events that will call for memorials of this type.

The sacrifice made by those whose memories we honour today is an appeal to us to ensure that this vision will be achieved.